

Leiðbeiningar um samsetningu & uppsetningu



Pakka þér fyrir að velja KRUMMA-Gull 9615 Svölu frá Krumma ehf.

KRUMMA-Gull 9615 Svala

Upplýsingar um pakkningu: 600kg & 5,5m³

Varan inniheldur eftirfarandi íhluti:

- 1 x Leiðbeiningar um samsetningu & uppsetningu (þetta skjal)
- 1 x Rennibraut
- 1 x Turn
- 1 x Bogabraut
- 1 x Stigi
- 6 x Jarðfestingar
- 2 x 8x100mm Franskar skrúfur
- 2 x 8mm Skinnur
- 2 x 10x120mm Franskar skrúfur
- 2 x 10x30mm Skinnur
- 4 x Rauðar hlífar: Botnar og lok
- 16 x 6x80mm Skrúfur
- 16 x Rauðar skinnur
- 14 x 5x30mm Skrúfur
- 24 x 10mm Flangsrær





Mannafl og verkfæri:

- 4 x Svo samsetningin gangi vel þarf minnst þennan fjölda manna
 - 4 x Skóflur
 - 1 x Lítil grafa
 - 1 x Jarðvegspjappa
 - 1 x Laus lykill (skrall) með 13mm & 15mm toppum
 - 1 x Trox skrúfjárn, T20 & T25
 - 1 x Fastur lykill 13mm
 - 1 x Fastur lykill 15mm
 - 1 x Mjúkur hamar
 - 1 x Málband
 - 1 x Hallamál
- 0,65m³ Steypa

Leiðbeiningar um uppsetningu:

Mynd 1 sýnir alla íhlutina sem þarf að setja saman.




Samsetning:

- 1 Festið jarðfestingar við uppistöðir með 10mm flangsróm og notið til þess 15mm fastan lykil.
- 2 Reisið turninn og notið hallamálið til þess að ganga úr skugga um að hann sé í lóð.

- 3 Festið stigann við turninn. Til þess þarf eftirfarandi íhluti:
- 2x 8x100mm Franskar skrúfur til þess að festa stigann við turninn.
 - 2x 8mm Skinnur á frönsku skrúfurnar.
 - 2x Rauðar hlífar: Botnar og lok á frönsku skrúfurnar.
 - 8x 6x80mm Skrúfur til að festa handriðið við turninn.
 - 8x Rauðar skinnur á 6x80mm skrúfurnar.
- Notið lausa lykilinn með 13mm toppnum til að festa frönsku skrúfurnar. Setjið skinnurnar og rauðu hlífðarbotnana undir skrúfurnar fyrst. Að lokum skal nota mjúka hamarinn til þess að setja lokinn á hlífarnar.
- Setjið rauðu skinnurnar á 6x80mm skrúfurnar og notið T25 skrúfjárníð til að festa handriðið eins og mynd 1 sýnir.
- 4 Festið bogabrautina við turninn. Til þess þarf eftirfarandi íhluti:
- 2x 10x120mm Franskar skrúfur til að festa bogabrautina við turninn.
 - 2x 10x30mm Skinnur á frönsku skrúfurnar.
 - 2x Rauðar hlífar: Botnar og lok á 8x100mm frönsku skrúfurnar.
 - 8x 6x80mm Skrúfur til að festa skermingarnar við turninn.
 - 8x Rauðar skinnur á 6x80mm skrúfurnar.
- Notið lausa lykilinn með 15mm toppnum til að festa frönsku skrúfurnar. Setjið skinnurnar og rauðu hlífðarbotnana undir skrúfurnar fyrst. Að lokum skal nota mjúka hamarinn til þess að setja lokinn á hlífarnar.
- Setjið rauðu skinnurnar á 6x80mm skrúfurnar og notið T25 skrúfjárníð til að festa handriðið eins og mynd 1 sýnir.
- 5 Festið rennibrautina við turninn. Notið T20 skrúfjárníð og 5x30mm skrúfurnar til að festa rennibrautina við pallinn á turninum.

Uppsetning vöru og undirlag:


Mynd 2 sýnir holurnar fyrir jarðfestingarnar. Allar málsetningar eru í mm.



- 1 Grafið 8 holur eins og mynd 2 sýnir. Setjið 80mm af þjappaðri og frostfrírri mól í holurnar.
- 2 Setjið tækið í holurnar eins og mynd 2 sýnir. Jarðvegsmerking á uppistöðum skal nema við jarðvegsborð. Látið jarðfestingar standa 5cm. upp yfir yfirborð.
- 4 Skiptið steypunni jafnt á milli holanna. Gangið úr skugga um að steypan sé a.m.k. 400mm fyrir neðan jarðvegsborð.
- 5 Fyllið upp í holurnar með mól og munið að skilja eftir pláss fyrir fallvörnina.

Öryggi:

Mynd 3 sýnir öryggissvæði tækisins og mestu fallhæð. Málsetningar eru í mm.



- KRUMMA-Gull 9615 is vottað af TÜV Nord og Dansk Technologisk Institut samkvæmt EN1176.
- Mesta fallhæð tækisins ákvarðar val á undirlagi/fallvörn. Undirlagið skal hafa 1000HIC eða minna, þar sem HIC er mælieining fyrir dempun yfirborðs.
- Dempunartíminn skal vera innan við 3msek.
- Eftirfarandi fallvarnarefni skulu hafa minnst 200mm þykkt fyrir þessa vöru: Trjábörkur; Spónn; Sandur (0,2-2 kornastærð) og möl (2-8 kornastærð).
- Varúð: Ef aðrar tegundir fallvarnar eru notaðar skal fallvörnin dempa fall úr 1,25m hæð.

Viðhald:

Fallvarnaryfirborð:

- Viðhaldið fallvörninni reglulega.
- Fjarlægjið alla aðskotahluti af öryggissvæðinu.

Varan:

- Notið salmíak sápu (uppvottalög) til að hreinsa yfirborðið. Einnig má nota white sprit en hreinsið yfirborðið með salmíak sápu á eftir.
- Málið uppistöðir með Pinotex Classic Trans wR1 72, wTY 252, wZI 45 frá BYKO.
- Málið skermingar með Hardtop AS eftir eftirfarandi litanúmerum:
 - Gulur litur: Hardtop 2594
 - Rauður litur: Hardtop 5080
 - Grænn litur: Hardtop 4090
 - Blár litur: Hardtop 5002

Leiðbeinandi viðhaldsáætlun:

- Gott er að vera með dagatal þar sem hakað er við þegar skoðanir eru framkvæmdar.
- Reglubundna sjónskoðun skal framkvæma daglega eða mánaðarlega eftir álagi leiksvæðis. Þá eru oddhassir eða aðrir hættulegir aðskotahlutir fjarlægðir og fallvörn rökuð til.
- Rekstrarskoðun skal framkvæma á 1 - 3 mánaða fresti, eftir álagi leiksvæðis. Þá eru óhreinindi á leiktæki hreinsuð, aðskotahlutir fjarlægðir af öryggissvæði, fallvörn rökuð til og bætt í ef hún hefur borist burt. Einnig skal yfirfara stöðugleika leiktækis og virkni og þá sérstaklega hvort íhlutir eða festingar hafi verið fjarlægðar og lagfæra það þá.
- Í árlegri skoðun er farið yfir burðavirki. Skipta þarf út berandi stólpum ef rotnunar verður vart. Einnig skal fara yfir festingar og herða upp á þeim. Bera skal á allar uppistöðir og skermingar árlega. Í þessari skoðun skal sérstaklega yfirfara breytingar á tæki vegna veðrunar eða skemmdarverka sem hafa áhrif á öryggi notenda og lagfæra það þá.